



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

Fundargerð.

345. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 23. apríl 2014 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Ingvar Grétar Ingvarsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps 2013.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2013 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundinn mætti Ólafur Gestsson endurskoðandi Pwc og útskýrði reikninginn. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu.

2. Skipan fulltrúa í kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að varafulltrúar C-lista í kjörstjórn, Árni Þorvaldsson og Hannes G. Ingólfsson hafa beðist lausnar frá störfum. Fulltrúar C-lista tilnefna Lindu Sverrisdóttur og Halldór Bjarna Maríasson sem varafulltrúa sína í kjörstjórn út kjörtímabilið 2010-2014.

Einnig liggur fyrir að aðalfulltrúi K-lista í kjörstjórn, Þórunn Drífa Oddsdóttir gefur ekki kost á sér í kjörstjórn. Fulltrúar K-lista tilnefna Kristínu Konráðsdóttur sem aðalfulltrúa sinn í kjörstjórn og Birgir Thomsen sem varafulltrúa sinn út kjörtímabilið 2010-2014.

3. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2. apríl 2014.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2. apríl 2014 liggur frammi á fundinum.

4. Fundargerðir.

a) Fundargerð 34. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. apríl 2014.

Fundargerðin lögð fram. Í dagskrárlíð 1, skóladagatal 2014/2015, er lagt til að skóladagar næsta skólaárs verði 178. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

Í dagskrárlíð 2, kennslukvóti og starfsmannaskipulag, leggur skólastjóri Kerhólsskóla til að kennslukvóti næsta skólaárs verði 160,4 stund og stöðugildin 6,2. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

Fundargerðin staðfest.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

- b) Fundargerð vorfundar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi, 2. apríl 2014.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) Fundargerð 1. fundar samráðsfundar um Matarsmiðjuna á Flúðum, 11. apríl 2014.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. **Beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) í Glæsibæ, Víðibrekku 3, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Glæsibæ, Víðibrekku 3, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

6. **Beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki III í Hostel Úlfljótsvatn / Útílfsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki III í Hostel Úlfljótsvatn / Útílfsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

7. **Beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) Öldubýggð 5, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Öldubýggð 5, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

8. **Beiðni um styrk frá Samkór uppsveita Árnessýslu.**

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Samkór uppsveita Árnessýslu vegna tónleika kórsins á Íslendingaslóðir í Vesturheimi. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að fjárhæð kr. 50.000 til verkefnisins. Hörður Óli Guðmundsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

9. **Bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni þar sem þakkað er fyrir móttökur ofl. á 92. héraðsþingi HSK sem haldið var í Félagsheimilinu Borg þann 8. mars s.l.**

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdarstjóra Héraðssambandsins Skarphéðins, Engilbert Olgeirssyni, dagsett 31. mars 2014 þar sem þakkaðar eru góðar móttökur og fleira á 92. héraðsþingi HSK sem haldið var í Félagsheimilinu Borg þann 8. mars s.l. Lagt fram til kynningar.

10. **Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem óskað er eftir upplýsingum er varðar fjárhagsáætlun 2013 og fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga.**

Fyrir liggur bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dagsett 31. mars 2014 þar sem óskað er eftir upplýsingum er varðar fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir fjárhagsárið 2013 og



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

farið yfir fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara eftirlitsnefndinni.

11. Bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna framlaga sjóðsins á árinu 2014.

Fyrir liggur bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, dagsett 2. apríl 2014 þar sem greint er frá framlögum sjóðsins á árinu 2014. Framlag Grímsnes- og Grafningshrepps frá Jöfnunarsjóði er að fjárhæð kr. 0. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Yfirfasteignamatsnefnd vegna úrskurðar nefndarinnar á endurmati fasteignamats á Gráholtsbraut 3, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Yfirfasteignamatsnefnd, dagsett 4. mars 2014 vegna úrskurðar á endurmati fasteignamats á Gráholtsbraut 3, Grímsnes- og Grafningshreppi. Úrskurðurinn lagður fram til kynningar.

13. Bréf frá Þjóðskrá Íslands vegna Íbúaskrár Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2013.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 4. apríl 2014 vegna íbúaskrár Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2013. Samkvæmt íbúaskránni þann 1. desember 2013 er íbúafjöldi sveitarfélagsins 416. Sveitarstjóra falið að koma á framfæri þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum.

14. Minnisblað frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar um umferðartakmarkanir innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Fyrir liggur minnisblað frá sveitarstjóra Bláskógabyggðar um umferðartakmarkanir innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Málinu frestað til næsta fundar.

15. Beiðni Umhverfisstofnunar um umsögn á drögum áætlunar til þriggja ára um refaveiðar.

Fyrir liggur beiðni frá Umhverfisstofnun um umsögn á drögum áætlunar til þriggja ára um refaveiðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við drögin.

16. Beiðni Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem óskað er eftir athugasemdum við umræðuskjal vegna framtíðarfyrirkomulags alþjónustu.

Fyrir liggur beiðni frá Póst- og fjarskiptastofnun þar sem óskað er eftir athugasemdum við umræðuskjal vegna framtíðarfyrirkomulags alþjónustu. Lagt fram til kynningar.

17. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um eflingu tónlistarnáms (nám óháð búsetu), 414. mál.

Frumvarpið lagt fram.

18. Beiðni Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um ríkisendurskoðanda og ríkisendurskoðun, 488. mál.

Frumvarpið lagt fram.



SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

19. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013 – 2016, 495. mál.

Þingsályktunar tillagan lögð fram.

20. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um skipulagslög (bótaákvæði ofl.), 512. mál.

Frumvarpið lagt fram.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 478. stjórnarfundar 24.03 2014.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 815. stjórnarfundar, 10.04 2014.
- ✓ SASS, niðurstaða könnunar um húsnæðismál á Suðurlandi.
- ✓ Aðalfundarboð Veiðifélags Árnesinga, föstudaginn 25. apríl 2014.
- ✓ Aðalfundarboð Klausturhóls, félags sumarhúsaeygenda, þriðjudaginn 29. apríl 2014.
- ✓ Bréf frá UMFÍ, dagsett 14. apríl 2014 um ályktun ungmenna frá ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“.
- ✓ Bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni, dagsett 31. mars 2014 með tillögum sem samþykktar voru á 92. héraðsþingi HSK þann 8. mars s.l.
- ✓ Héraðssambandið Skarphéðinn, ársskýrsla 2013.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Rarik, ársskýrsla 2013.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:05